

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 4/2000

frá 28. janúar 2000

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 160/1999 frá 26. nóvember 1999⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 292/97/EB frá 19. desember 1996 um að viðhalda innlendum lögum um bann við notkun vissra aukefna við framleiðslu tiltekinna matvæla⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

⁽¹⁾ Stjtið. EB L 61, 1.3.2001, bls. 10 og EES-viðbætur við Stjtið. EB nr. 11, 1.3.2001, bls. 121.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 48, 19.2.1997, bls. 13.

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 54s (tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 98/53/EB) í XII. kafla II. viðauka við samninginn:

„54t. **397 D 0292:** Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 292/97/EB frá 19. desember 1996 um að viðhalda innlendum lögum um bann við notkun vissra aukefna við framleiðslu tiltekinna matvæla (Stjtið. EB L 48, 19.2.1997, bls. 13).

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er þennan samning varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi komi í stað titils viðaukans:

„AÐILDARRÍKJUNUM OG HLUTAÐEIGANDI EFTA-RÍKJUM ER
HEIMILT AÐ VIÐHALDA BANNI VIÐ NOTKUN VISSRA FLOKKA
AUKEFNA Í EFTIRFARANDI VÖRUM“

b) Eftirfarandi bætist við viðaukann:

„Noregur	Heðbundnir norskir ávextir „Saft“ og „Sirup“	Litarefni (að undanskildu betakaróten í „Saft“ úr sítusávesti)
Noregur	Heðbundnar norskar „Kjöttboller/Kjöttkaker/ Kjöttpudding“	Rotvarnarefni (önnur en natríumnítrít) og litarefni
Noregur	Heðbundin norsk „Lever-postei“	Rotvarnarefni (önnur en natríumnítrít) og litarefni“

2. gr.

Fullgiltur texti ákvörðunar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 292/97/EB á íslensku og norsku fylgir sem viðauki við útgáfu þessarar ákvörðunar á hvoru máli fyrir sig.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 29. janúar 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 28. janúar 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

F. Barbaso

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

G. Vik

E. Gerner